



HAFNARFJARÐARBÆR

Hafnarfirði 24. september 2001

Til: Samgöngunefndar Alþingis

Efni: Fyrirspurn frá Hafnarfjarðarbæ varðandi stefnu nefndarinnar í hjólreiða- og göngustígagerð sem hluti af almenningssamgöngum.

Í Hafnarfjarðarbæ er verið að vinna að Staðardagskrá 21 og í umhverfisstefnu sveitarfélagsins er takmarkið að bærinn sé til fyrirmyndar og að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi.

Bærinn fékk sendan bækling Vegagerðarinnar til kynningar á meðferð umhverfismála innan stofnunarinnar. Á 2974. fundi bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar var eftirfarandi bókun gerð: "Samkvæmt markmiðum og framkvæmdaáætlun Staðardagskrá 21 fyrir Hafnarfjarðarbæ kemur m.a. fram að samgöngukerfi verði þannig úr garði gert að það hvetji fólk til að hjóla, ganga og nýta almenningssamgöngur fram yfir einkabíla, og hjólreiða- og göngustíгатengingum verði komið á milli hverfa og sveitarfélaga. Í bæklingi Vegagerðarinnar kemur fram að hún vilji stuðla að því að óæskilegum áhrifum frá umferð og ökutækjum verði haldið í lágmarki."

Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar beindi því til Vegagerðarinnar að i umhverfis- og framkvæmdaáætlun Vegagerðarinnar verði gert ráð fyrir hjóla- og göngustígum meðfram tengi- og stofnbrautum.

Vegagerðin svaraði því til að hún hafi lagt áherslu á að við hönnun og gerð umferðarmannvirkja í þéttbýli sé tekið tillit til gangandi og hjólandi umferðar með þar til gerðum stígum, brúm og undirgöngum. Og tók jafnframt fram að við gerð göngu- og hjólreiðastíga fellur kostnaður á viðkomandi sveitarfélag samkvæmt ákvæðum 20. greinar vegalaga.

Eitt af þeim málum sem hafa verið til umræðu er hjólreiða- og göngustígakerfi sem annar valkostur í samgöngnum á höfuðborgarsvæðinu. Eins og staðan er í dag er þetta á valdi hvers sveitarfélags fyrir sig og því ekki um neina heildarstefnu að ræða sem veldur því að tengingar milli sveitarfélaga eru engar og virkar þetta því ekki sem valkostur í samgöngum.

Stýrihópur um Staðardagskrá 21 í Hafnarfjarðarbæ stóð fyrir málþingi í vor, í samvinnu við almenning, um stefnumörkun sjálfbærrar þróunar 2001-2020 og tók þannig þátt í stefnumörkun Íslands sem Umhverfisstjórnuneytið hefur unnið að. Þar urðu niðurstöður m.a. á þá leið að markvisst ætti að auka lagningu göngu- og hjólreiðastíga.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er einnig stefnt að heildstæðu skipulagi samgangna og bættri aðstöðu hjólandi og gangandi vegfarenda.

Í nýútkominni skýrslu samgönguráðuneytisins; Losun gróðurhúslofttegunda frá samgöngum. Skýrsla til undirbúnings stefnumótunar, kemur fram að árangursríkt er að reyna að hafa áhrif á styttri ferðir, t.d. með því að hvetja til þess að fólk gangi frekar, hjóli eða noti almenningssamgöngur og að betri aðstæður hjólræðafólks gætu dregið úr akstri bifreiða.

Því sendir Hafnarfjarðarbær þessa fyrirspurn: Er fyrirhugað að samgöngunefnd komi til með að beita sér fyrir breytingu á lögum varðandi þátttöku Vegagerðar ríkisins í hjólræðastígakerfi innanlands með stefnumótun fyrir landið?
Slík áætlun fellur vel að samþykktum ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun.

Stýrihópur um Staðardagskrá 21 í Hafnarfjarðarbæ



Íslenski Fjallahjólaklúbburinn, Pósthólf 5193, 125 Reykjavík.

Sími / Fax: 562 0099.

Tölvupóstur: ifhk@mmedia.is Heimasíða: www.mmedia.is/ifhk

Alþingi
Erindi nr. P 127/1272
komudagur 15.3.2002

Reykjavík 28.feb 2002.

Samgöngunefnd Alþingis

Guðmundur Hallvarðsson formaður

Fyrir hönd Íslenska fjallahjólaklúbbsins langar mig til að vita hvar þingsáliktunartillaga um stofnun nefndar um hjólamál mál 248, sem að Ísólfur Gylfi Pálmason og umhverfisnefndi fluttu, er stödd í umræðunni.

Í dag eru engir hjólavegir á Íslandi og eftir nýju Samgönguáætluninni þá verður engin breyting á nema við gerum eitthvað í þeim málum. Þingsáliktunartillagan er þess efnis að stofnuð verði nefnd til að fjalla um hjólamál á Íslandi. Sú nefnd á eftir að skila álitum og verða örugglega mörg álitamál þar ekki síst þar sem að hjólaþólk vill koma hjólavega og stíga lagningu undir Vegagerðina sem hluta af heildar samgönguneti.

Er það því eindregin ósk okkar að þessi þingsáliktunartillaga nái fram að ganga svo að hægt sé að skipa nefndina og í framhaldi að því fari eitthvað að gerast. Auðvitað hefðum við viljað fá þingsáliktunartillögu sem setti lagningu hjólavega og stíga undir Vegagerðina svo að það væri sjálfsagður hlutur að hjólavegir yrðu hluti að samgöngunetinu því að ef fleiri fara að hjóla í vinnu og hreyfa sig þá er það gott mál fyrir Heilbrigðisnefnd, Umhverfisnefnd, Samgöngunefnd og okkur öll sem hér búum.

Einnig sé ég Ísland fyrir mér sem paradís fólks sem leitar út í náttúruna í fríum sínum en lítið hefur verið byggt upp í þeim málum hérlandis og í mörgum tilfellum eru engar merkingar til að benda á góðar leiðir þar sem þær eru til. Ef maður lítur í eigin barm þá eru það skammtilegustu fríin þar sem að maður leggur eitthvað á sig, gengur eða hjólar um landið heldur en að hafa upplifunina bara gegnum bílrúðuna.

Með von um að þið í Samgöngunefnd sjáið mikilvægi þessa að eitthvað róttækt gerist í hjólamálum hérlandis. Vona ég að þið finnið þingsáliktunartillöguna í búnkanum og komið hreyfingu á málin fyrir þinglok.

Fyrir hönd

Íslenska fjallahjólaklúbbsins

Alda Jónsdóttir formaður